

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 134/2002**

**frá 27. september 2002**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2002 frá 12. júlí 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 frá 29. júní 2000 um efni sem eyða ósonlaginu <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2038/2000 frá 28. september 2000 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2037/2000 um efni sem eyða ósonlaginu að því er varðar innúðaskammtara og lyfjadætur <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2039/2000 frá 28. september 2000 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2037/2000 um efni sem eyða ósonlaginu því er varðar grunnár fyrir úthlutun á kvóta fyrir vetnisklórflúrkolefni <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3093/94 frá 15. desember 1994 um efni sem eyða ósonlaginu <sup>(5)</sup>, sem er hluti af samningnum, hefur verið felld úr gildi og ber því að skipta henni út.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 298, 31.10.2002, bls. 29 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 54, 31.10.2002, bls. 20.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 25.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 26.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 333, 22.12.1994, bls. 1.

## ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

### *1. gr*

Eftirfarandi komi í stað textans í lið 21aa (reglugerð ráðsins (EB) nr. 3093/94) í XX. viðauka við samninginn:

„**32000 R 2037**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 frá 29. júní 2000 um efni sem eyða ósonlaginu (Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **32000 R 2038**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2038/2000 frá 28. september 2000 (Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 25).
- **32000 R 2039**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2039/2000 frá 28. september 2000 (Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 26).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 3. gr.:

- i) komi orðin „5. til 8. mgr.“ í stað orðanna „5. til 10. mgr.“ í 1. mgr.,
- ii) komi orðin „8. mgr.“ í stað orðanna „8., 9. og 10. mgr.“ í 3. mgr.,
- iii) gilda ákvæði 4., 9. og 10. mgr. ekki.

b) Í 4. gr.:

- i) komi orðin „4. mgr.“ í stað orðanna „4. og 5. mgr.“ í 1. til 3. mgr.,
- ii) gilda ákvæði 4. undirgreinar í 2. mgr. ekki,
- iii) gilda ákvæði 2. og 4. undirgreinar í 3. mgr. ekki,
- iv) gilda ákvæði 5. mgr. ekki.

c) III. kafli gildir ekki.

d) Ákvæði 19. og 20. gr. gilda ekki.

EFTA-ríkin skulu hrinda í framkvæmd nauðsynlegum innlendum ráðstöfunum til að fara að samsvarandi ákvæðum Montreal-bókunarinnar og samsvarandi ráðstöfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000.“

*2. gr.*

Texti reglugerða (EB) nr. 2037/2002, 2038/2000 og 2039/2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. september 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. september 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*Gunnar Snorri Gunnarsson*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

